

Árshátíð Síðuskóla 2021

Það styttist í árshátíð Síðuskóla og hér kemur skipulag fyrir árshátíðina sem verður haldin fimmtudaginn 18. mars og föstudaginn 19. mars. Nemendur í 10. bekk verða í aðalhlutverki með árshátíðaratriði sitt úr Grease. Allir árgangar sem sýna á árshátíð taka atriðin sín upp og fá foreldrar senda slóð þar sem hægt er að horfa á atriðin. Við ætlum einnig að bjóða upp á þann valmöguleika að foreldrar nemenda í 1.-4. bekk komi í skólann og horfi með börnunum á upptöku af atriðum þeirra ásamt atriði 10. bekkjar á sviði. Sérstök sýning verður fyrir foreldra nemenda í 10. bekk, hún verður kl. 14:00 föstudaginn 19. mars. Þeir sem ætla sér að koma á staðinn þurfa að skrá sig hér fyrir neðan og vera með andlitsgrímu. Þetta skipulag er með fyrirvara um að ekki verði hert á sóttvarnareglum.

1.-2. bekkur	Skóli skv. stundaskrá báða dagana. Fimmtudagur: Sýning kl. 8:10-9:30. 1. og 2. bekkur sýna upptöku af sínu atriði og 10. bekkur sýnir á sviði. Horft á upptökur af árshátíðaratriðum. Ball, sjoppa (fjáröflun hjá 10. bekk). Föstudagur: Íþróttasalur og fleira.
3.-4. bekkur	Skóli skv. stundaskrá báða dagana. Fimmtudagur: Sýning kl. 10:00-11:00. 3. og 4. bekkur sýna upptöku af sínu atriði og 10. bekkur sýnir á sviði. Horft á upptökur af árshátíðaratriðum. Ball, sjoppa (fjáröflun hjá 10. bekk). Föstudagur: Íþróttasalur og fleira.
5.-7. bekkur	Fimmtudagur: Skóli kl. 8:10-10:40. Stöðvar. Sýning og ball kl. 18:45-21:30 (sýning hefst 19), 10. bekkur með sjoppu. Föstudagur: Skóli kl. 10:00-12:20. Horft á upptökur af árshátíðaratriðum, kósýheit.
8.-10. bekkur	Fimmtudagur: Skóli kl. 8:10-13:00. Skautar og fimleikasalur. Horft á upptökur af árshátíðaratriðum. Íþróttasalur og fleira. (10. bekkur, vinna við árshátíð). Föstudagur: Sýning og ball kl. 19:30-23:30. Verð á ball 1000 kr., sjoppa á staðnum.

[Skráning á sýningu hjá 1.-2. bekk, fimmtudagur 18. mars kl. 8:10.](#)

[Skráning á sýningu hjá 3.-4. bekk, fimmtudagur 18. mars kl. 10:00.](#)

[Skráning á foreldrasýningu fyrir 10. bekk, föstudagur 19. mars kl. 14.](#)